

Árskýrsla fagdeildar félagsráðgjafa á endurhæfingu 2023-2024

Fagdeild um endurhæfingu var stofnuð 22.02.2011.

Markmið fagdeildarinnar hafa verið frá upphafi:

1. Að stuðla að framhaldsmenntun, símenntun og rannsóknum í félagsráðgjöf á sviði endurhæfingar.
2. Að efla samskipti milli félagsráðgjafa á vettvangi endurhæfingar.
3. Að fylgjast með nýjungum á sviði endurhæfingar.
4. Að stuðla að aukinni fræðslu og forvarnarstarfi.
5. Að vera stjórn FÍ til ráðgjafar í málefnum sem snúa að félagsráðgjöf á sviði endurhæfingar

Fagdeildin er með Facebook síðu og þar eru alls 97 skráðir meðlimir en lítil virkni er þó frekar í deildinni.

Starfsárið 2023-2024 skipuðu eftirfarandi fagráð fagdeildarinnar:

Halldór Sigurður Guðmundsson
Margrét Arngrímsdóttir
Nadía Borisdóttir

Þann 21. febrúar 2023 var fundað með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, Félags- og vinnumarkaðsráðherra og fulltrúum ráðuneytisins vegna breytinga á örorkulífeyriskerfinu ásamt fagdeild félagsráðgjafa í félagsþjónustu, formanni og framkvæmdastjóra FÍ. Ljóst er að fylgjast þarf vel með þróun breytinga á örorkulífeyriskerfinu, standa vörðu um málaflokkinn og stuðla að farsælli þróun endurhæfingar.

Á árlegu Félagsráðgjafabingi þann 23. febrúar 2023 voru nokkrar málstofur sérstaklega á sviði endurhæfingar og má þar nefna:

Virknihús Reykjavíkurborgar

Áfangahemili fyrir konur sem ljúka meðferð vegna fíkniröskunar og mikilvægi félagsráðgjafar

Endurhæfing fyrir börn og foreldra á Lífsgæðasetri St. Jó

Endurhæfing fólks af erlendum uppruna

f.h. Fagráðs fagdeildar félagsráðgjafa í endurhæfingu,

Nadía Borisdóttir